

**Framleiðnisjóður Landbúnaðarins**  
04 821

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Framleiðnisjóður Landbúnaðarins**  
**kt. 590986-1789**  
**Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framleiðnisjóður landbúnaðarins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Framleiðnisjóðurinn veitir styrki til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 137,7 milljónir og afkoma kr. -16,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 39,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 394,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framleiðnisjóðs Landbúnaðarins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framleiðnisjóðs Landbúnaðarins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Sigríður Bjarnadóttir  
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	134.200.000	127.000.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	3.479.270	9.083.835
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	51.135	86.394
<b>Tekjur samtals</b>		<b>137.730.405</b>	<b>136.170.229</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfamannakostnaður .....	4	18.053.141	14.945.366
Framlög og tilfærslur .....	5	135.713.000	115.402.500
Annar rekstrarkostnaður .....	6	7.331.238	5.913.455
Afskriftir .....	8	51.135	86.394
<b>Gjöld samtals</b>		<b>161.148.514</b>	<b>136.347.715</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(23.418.109)</b>	<b>(177.486)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	7	7.118.840	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(9.959)	0
		7.108.881	0
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(16.309.228)</b>	<b>(177.486)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	5.803.772	5.525.014
Rekstrartilfærslur .....		(68.171.000)	(115.402.500)
Fjármagnstilfærslur .....		46.058.000	109.700.000
		<b>(16.309.228)</b>	<b>(177.486)</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		22.470	73.605
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>22.470</u>	<u>73.605</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		1.865.926	0
Tengdir aðilar .....	9	605.947	605.947
Handbært fé .....	10	391.757.002	310.871.753
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>394.228.875</u>	<u>311.477.700</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>394.251.345</u></u>	<u><u>311.551.305</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		38.964.461	55.273.689
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>38.964.461</u>	<u>55.273.689</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	0	10.335.000
Viðskiptaskuldir .....		813.887	720.512
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	354.450.527	245.148.499
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	22.470	73.605
<b>Skuldir samtals</b>		<u>355.286.884</u>	<u>256.277.616</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>394.251.345</u></u>	<u><u>311.551.305</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(16.309.228)	(177.486)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	51.135	86.394
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(51.135)	(86.394)
		<u>(16.309.228)</u>	<u>(177.486)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		(1.865.926)	0
Tengdir aðilar .....		(10.335.000)	10.335.000
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		109.395.403	23.339.733
		<u>97.194.477</u>	<u>33.674.733</u>
		<u>80.885.249</u>	<u>33.497.247</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
		0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		80.885.249	33.497.247
		310.871.753	277.374.506
		<u>391.757.002</u>	<u>310.871.753</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	134.200.000	127.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	51.135	86.394
	<u>134.251.135</u>	<u>127.086.394</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	20.600.000	0	113.600.000	134.200.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>20.600.000</b>	<b>0</b>	<b>113.600.000</b>	<b>134.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ....	(14.796.228)	(68.171.000)	(67.542.000)	(150.509.228)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>5.803.772</b>	<b>(68.171.000)</b>	<b>46.058.000</b>	<b>(16.309.228)</b>

	2019	2018
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Umsýslutekjur .....	3.479.270	9.083.835
	<u>3.479.270</u>	<u>9.083.835</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	14.786.709	12.433.970
Orlof, breyting .....	12.114	0
Launatengd gjöld .....	3.254.318	2.511.396
	<u>18.053.141</u>	<u>14.945.366</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	6,0	6,0
------------------------------	-----	-----

### 5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir .....	68.171.000	115.402.500
Fjármagnstilfærslur aðrir .....	67.542.000	0
	<u>135.713.000</u>	<u>115.402.500</u>

### 6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	110.590	149.298
Fundir, námskeið, risna .....	298.689	230.183
Ferðir, uppihald .....	524.114	591.353
Akstur .....	1.817.750	1.579.380
Sérfræðiþjónusta .....	2.239.271	936.727
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	839.189	941.224
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	170.238	123.518
Afnotagjöld .....	391.152	441.623
Leigugjöld .....	709.065	672.000
Kostnaðarhlutdeild .....	231.180	248.149
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>7.331.238</u>	<u>5.913.455</u>

### 7 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður

Ýmsar fjármunatekjur .....	7.118.840	0
	<u>7.118.840</u>	<u>0</u>

## Skýringar

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	22.470	73.605
	<u>22.470</u>	<u>73.605</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2019 .....	<u>681.810</u>
	681.810
Afskriftir 1.1.2019 .....	608.205
Afskrift ársins .....	<u>51.135</u>
	659.340
Staða 31.12.2019 .....	<u>22.470</u>

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	605.947	0
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	605.947
	<u>605.947</u>	<u>605.947</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	0	10.335.000
	<u>0</u>	<u>10.335.000</u>

### 10 Handbært fé

Tékkareikningar .....	23.155.613	16.479.543
Sparisjóðsreikningar .....	368.601.389	294.392.210
	<u>391.757.002</u>	<u>310.871.753</u>

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>11 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	55.273.689	55.451.175
Afkoma ársins .....	(16.309.228)	(177.486)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>38.964.461</u>	<u>55.273.689</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild stjórnartíðinda.

### 12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	648.939	636.825
Ógreidd framlög .....	353.801.588	244.511.674
	<u>354.450.527</u>	<u>245.148.499</u>

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	22.470	73.605	
	<u>22.470</u>	<u>73.605</u>	
	<b>Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga</b>	<b>Fjárfestinga-fjárveiting</b>	<b>Samtals frestaðar tekjur</b>
Staða 1.1.2019 .....	73.605	0	73.605
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(51.135)	0	(51.135)
	<u>22.470</u>	<u>0</u>	<u>22.470</u>

Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu koma til tekna á árinu 2020.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 0,472 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Árið 2020 verður fært til lækkunar skuldum með mótbókun á eigið fé alls 10.805.000.- Um er að ræða bakfærslu á skuldbindingu frá árinu 2017 (forsendubreyting bókfærðs framlags) og skýrir muninn á eigin fé sjóðsins í ársreikningi hans hjá Fjársýslu Ríkisins og Ríkisendurskoðun. Með færslunni fæst fullt samræmi eiginfjárs ársreiknings FL hjá báðum aðilum.